



Umsögn um mál nr. 394. „Jöfn meðferð á vinnumarkaði”

13. apríl 2018

Samtökin '78 fagna þessum frumvarpsdrögum og telja þau vera til bóta. Sérstaklega fagna Samtökin því að kyntjáníng og kyneinkenni, auk kynhneigðar og kynvitundar sem voru í fyrri frumvarpsdrögum, eiga nú fastan sess í núverandi drögum, ásamt því að vera skilgreind á greinargóðan hátt.

Samtökin '78 vilja þó benda háttvirtri allsherjar- og menntamálanefnd á það að gæta sérstaklega að stöðu Jafnréttisstofu. Samtökin gera ekki athugasemdir við það að Jafnréttisstofu sé falið það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd þessara laga, en minna á að aukin verkefni kalla á aukin fjárframlög og því ber að tryggja Jafnréttisstofu nægt fjármagn, mannafla og fræðslu svo henni sé kleift að starfrækja hlutverk sitt með fullnægjandi hætti. Einnig þarf að tryggja sérþekkingu hvað varðar allar mismununarástæður sem og fjölþætta mismunun. Aukinheldur þarf að tryggja öllum einstaklingum aukið aðgengi að Jafnréttisstofu.

Samtökin '78 óska nefndinni og þingmönnum öllum góðs gengis og vonast til þess að sjá frumvarpsdrögin verða að lögum.

Virðingarfyllst,

Daníel E. Arnarsson
Framkvæmdastjóri Samtakanna '78

Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Ritari Samtakanna '78